

Grímsnes- og Grafningshreppur

Fjárfesting í veitustarfsemi



Mat á fjárhagslegum áhrifum skv. 66. grein
sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011

Mars 2023



Yfirlit

01	Inngangur	4
02	Niðurstöður	5
03	Fjárfestingin – áætlanir og forsendur	6
04	Fjárhagur Grímsnes- og Grafningshrepps 2022-2026	8

Fyrirvari og tengiliðir

Fyrirvari

KPMG var falið sem aðila ótengdum Grímsnes- og Grafningshreppi að gera mat á fjárhagslegum áhrifum fjárfestingar í veitustarfsemi í Vaðnesi í Grímsnes- og Grafningshreppi. Er það gert í samræmi við 66. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

KPMG ber ekki ábyrgð á að uppfæra efni og niðurstöður matsins í tengslum við atburði eða upplýsingar sem kunna að koma fram síðar.

Til grundvallar matinu liggur samþykkt fjárhagsáætlun sveitarfélagsins frá 7. desember 2022 sem gerð er í samræmi við sveitarstjórnarlög fyrir árin 2023-2026.

KPMG hefur ekki kannað sérstaklega áreiðanleika þeirra upplýsinga t.a.m. með framkvæmd áreiðanleikakönnunar, en varað er við að niðurstaða slíkar könnunar gæti leitt til þess að undirliggjandi gögn eða mat á þeim breytist og þar af leiðandi niðurstöður KPMG. Af þeim sökum getur KPMG ekki ábyrgst nákvæmni eða áreiðanleika þeirra upplýsinga sem hér koma fram né að þær séu tæmandi. Gert er ráð fyrir að lesendur rýni í þessi gögn og annað það er liggur til grundvallar niðurstöðum KPMG.

KPMG ber enga ábyrgð á ákvörðunum sem kunna að vera teknar á grundvelli matsins. Öll ábyrgð vegna ákvarðana sem teknar verða á grundvelli greiningarinnar eða niðurstaðna sem í matinu eru, er hjá sveitarfélaginu sem verkkaupa eða öðrum aðilum er að málinu kunna að koma.

Auðunn Guðjónsson

Partner,

endurskoðunarvið KPMG ehf.

agudjonsson@kpmg.is

Björgvin Guðmundsson

Verkefnastjóri,

endurskoðunarvið KPMG ehf.

bgudmundsson@kpmg.is

Inngangur

Í 66. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er m.a. fjallað um miklar fjárfestingar og skuldbindingar sveitarfélaga en þar segir:

„Áður en sveitarstjórn tekur ákvörðun um fjárfestingu, framkvæmd eða aðra skuldbindingu sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum sveitarfélagsins yfirstandandi reikningsár er skylt að gera sérstakt mat á áhrifum hennar á fjárhag sveitarfélagsins. Hér undir falla m.a. framkvæmdir, fjárfestingar í eignum, samningar um þjónustu, sölu og endurleigu fasteigna, fjármögnunarsamningar, rekstrarleigusamningar og því um líkar ráðstafanir. Hér undir falla einnig ákvarðanir um veitingu ábyrgða skv. 69. gr. og þær ákvarðanir fyrirtækja og stofnana sveitarfélags sem leiða til þess að ábyrgðarskuldbindingar sveitarfélags hækka um sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum viðkomandi ár.

Í mati skal gera grein fyrir kostnaðaráætlun og forsendum hennar, áhrifum á fjárhag sveitarfélags til lengri tíma og áhrifum af rekstrarkostnaði sé um hann að ræða. Í þeim tilvikum sem fjárfestingu, framkvæmd eða skuldbindingu er skipt á fleiri en eitt tímabil eða einingar skal líta á ákvörðunina í heild sinni. Mat skal framkvæmt af sérfróðum aðila sem ekki er tengdur sveitarfélaginu.“

Þann 10. febrúar sl. óskaði sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps eftir að KPMG leggi sérstakt mat á áhrif fjárfestingar í veitustarfsemi í Vaðnesi á fjárhag sveitarfélagsins í samræmi við 66. greinina. Matið er m.a. byggt á fjárhagsáætlun Grímsnes- og Grafningshrepps fyrir árið 2023-2026, verðmatsskýrslu KPMG á Orkubúi Vaðness ehf. og upplýsingum sem sveitarstjóri hefur látið KPMG í té.

Ástæða fyrir mati á fjárhagslegum áhrifum skv. 66. grein sveitarstjórnarlaga

Áætlaðar skatttekjur (útsvar og fasteignaskattur) Grímsnes- og Grafningshrepps fyrir árið 2023 samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun nema um 1.074 m.kr. Áætlað kaupverð er um 327 m.kr. eða 30% af áætluðum skatttekjum sveitarfélagsins árið 2023 og því ljóst að framkvæmdin er matsskyld í samræmi við 66. gr. sveitarstjórnarlaga. Ljóst er að framkvæmdin hefur nokkur áhrif á fjárhag sveitarfélagsins vegna umfangs fjárfestingarinnar.

Skatttekjur sveitarfélagsins eru eftirfarandi samkvæmt ársreikningi 2021, útkomuspá 2022 og fjárhagsáætlun fyrir árin 2023-2026:

Fjárhagsáætlun							
fjárhæð í m.kr.	Veitustarfsemi Vaðnesi	Rauntölur		Fjárhagsáætlun			
		2021	Útkomuspá 2022	2023	2024	2025	2026
Útsvar og fasteignaskattur		837	878	1.074	1.124	1.175	1.228
Framlög Jöfnunarsjóðs		0	0	0	0	0	0
Samtals skatttekjur til grundvallar		837	878	1.074	1.124	1.175	1.228
Fjárfesting	327						
Fjárfesting / skatttekjur		39%	37%	30%	29%	28%	27%

Niðurstöður

Fjárfesting sveitarfélagsins

Grímsnes- og Grafningshreppur samþykkti fjárhagsáætlun 2023-2026 í desember 2022. Áætluð fjárfesting vegna veitustarfsemi í Vaðnesi var ekki í þeirri áætlun og fyrirhugað er að bæta þeirri fjárfestingu við með viðauka fjárfestingu upp á 327 m.kr. Heildarfjárfesting sveitarfélagsins með viðauka verður þá um 1.428 m.kr. á árinu 2023. Það er veruleg fjárfesting framundan hjá sveitarfélaginu m.a. viðbygging við Íþróttamiðstöð og var KPMG búið að vinna sérfræðiálit vegna þeirra fjárfestingar í janúar 2022. Sú viðbygging er í samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins 2023-2026.

Veitustarfsemi rekstur

Sveitarfélagið fékk KPMG til að vinna verðmat á Veitustarfsemi Orkubús Vaðness og stuðst er við það mat í þessu álit. Upplýsingar um áætlaðan rekstur á veitustarfseminni eru settar inni í áður samþykktu fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. EBITDA veitustarfseminnar í Vaðnesi er áætluð árlega um 22- 26 m.kr. Vætanlega má gera ráð fyrir samlegðaráhrifum við sameiningu á veitustarfseminni við hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps, en þau áhrif eru ekki inni í áætlunum.

Uppbygging innviða

Hér er ekki lagt mat á hvort fjárfestingin sé nauðsynleg sem liður í innviðauppbyggingu sveitarfélagsins. Þá er ekki lagt mat á hvort sveitarfélagið hafi mögulega önnur úrræði við innviðauppbyggingu.

Við mat á áhrifum fjárfestingarinnar er gert ráð fyrir öllum öðrum fjárfestingarverkefnum samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins 2023-2026 og ekki metin áhrif af þeim á fjárhag sveitarfélagsins með sama hætti utan þess sem áður er getið að KPMG var búið að vinna álit vegna áhrifa af fjárfestingu í

viðbyggingu við Íþróttamiðstöð.

Niðurstaða

Áætluð fjárfesting er veruleg árið 2023 og er fjármögnuð með lántöku og handbæru fé, þannig að skuldsetning og afborganir lána aukast verulega. Samkvæmt áætlun mun handbært fé frá rekstri standa undir afborgunum lána á árunum 2023-2026.

Miðað við fjárhagsáætlun 2023-2026 með veitustarfseminni er áætlað að skuldaviðmið verði um 86% í árslok 2026 og framlegðarlutfall er áætlað 17%. Sveitarfélagið stenst fjárhagsleg viðmið EFS um samspil framlegðar og skuldahlutfalls.

Sveitarfélagið stenst viðmiði um jafnvægisreglu fyrir öll tímabil áætlunarinnar en samkvæmt útkomuspá 2022 mun sveitarfélagið ekki standast jafnvægisreglu fyrir tímabilið 2020-2022.

Hærrí tekjur eiga að geta staðið undir rekstri og framkvæmdum til lengri tíma á meðan íbúapróun er jákvæð.

Fjárhagsstaða sveitarfélagsins er sterk og gangi áætlanir þess eftir þá er útlit fyrir að sveitarfélagið geti staðið við skuldbindingar sínar.

03

Fjárfestingin, áætlanir og forsendur

Kaup á veitustarfsemi – fjárfesting forsendur

Fjárfesting

Fyrirhuguð eru kaup á veitustarfsemi í eigu Orkubús Vaðness ehf. Orkubúið rekur hita- og kaldvatnsveitu á félagssvæði landeigenda í Vaðnesi.

Samtals er áætlað kaupverð 327 m.kr.


Hitaveita Grímsnes- og Grafningshrepps mun sjá um rekstur og fjárfestingu á veitustarfseminni.

Forsendur mats

Sveitarfélagið lét KPMG vinna verðmatsskýrslu á fyrirhugðum kaupum á veitustarfsemi Orkubús Vaðness, forsendur úr verðmatinu eru notaðar m.a. til að áætla reksturinn og þannig fengin fjárhagsleg áhrif á sveitarfélagið.

Árleg aukning á rekstrartekjum af veitustarfseminni er áætluð um 40 m.kr. og rekstrarkostnaður um 17-18 m.kr. í áætlunum árin 2023-2026. Áætluð árleg EBITDA er um 22 – 26 m.kr. á áætlunartímabilinu 2023-2026.

Fyrirhugað er að hitaveita Grímsnes- og Grafningshrepps taki lán að fjárhæð 305 m.kr. til 16 ára hjá Lánasjóði sveitarfélaga og vaxtakjör eru verðtryggt lán með 3,15% vöxtum.



04

**Fjárhagur Grímsnes- og
Grafningshrepps 2022-2026**

Rekstur, efnahagur, sjóðstreymi, lykiltölur

Fjárhagsleg staða

Reiknað skuldaviðmið A og B hluta í árslok 2021 var 22% og áætlað 27% í árslok 2022 miðað við útkomuspá. Uppsafnaður rekstrarjöfnuðu þriggja ára var jákvæður tímabilið 2019-2021 um 627 m.kr. og skv. útkomuspá 2022 tímabilið 2020-2022 neikvæður um 7 m.kr. Veruleg fjárfesting er fyrirhuguð á árinu 2023. Skuldaviðmið gætið farið í 110% í lok árs 2023. Rekstrarjöfnuður þriggja ára er áætlaður jákvæður öll tímabilin fyrir utan tímabilið 2020-2022. Fjárhagsleg staða er sterk og áætlað er að handbært fé frá rekstri nái að standa undir afborgunum lána og skuldbindinga.

Fjárhagsáætlun 2023-2026 – Aðlöguð með veitustarfsemi í Vaðnesi

Fjárhagur 2021 -2026 A og B hluti, með veitustarfsemi Vaðnesi						
fjárhæðir í þús.kr.	Rauntölur		Fjárhagsáætlun			
	2021	Útkomuspá 2022	2023	2024	2025	2026
Rekstrartekjur	1.224.466	1.237.877	1.480.280	1.546.101	1.608.293	1.681.512
Rekstrargjöld	(1.113.110)	(1.186.703)	(1.346.404)	(1.435.990)	(1.498.712)	(1.542.881)
Fjármunatekj. og (fjármagnsgj.)	(59.559)	(78.404)	(101.093)	(110.399)	(92.622)	(85.842)
Rekstrarniðurstaða	51.797	(27.230)	32.783	(288)	16.959	52.789
Efnahagur:						
Eignir	2.405.899	2.387.431	3.287.080	3.273.484	3.188.142	3.121.215
Eigið fé	1.390.369	1.363.139	1.395.921	1.395.633	1.412.592	1.465.381
Skuldir og skuldbindingar	1.015.531	1.024.293	1.891.159	1.877.852	1.775.550	1.655.835
Sjóðstreymi:						
Handbært fé í upphafi	497.425	554.259	498.809	71.728	39.965	12.419
Handbært fé frá rekstri	207.066	138.646	205.914	208.593	213.188	243.205
Fjárfestingarhreyfingar	(98.075)	(134.667)	(1.101.860)	(166.421)	(94.391)	(60.891)
Veitustarfsemi			(327.000)		0	0
Lántaka	0	0	855.000	50.000	0	0
Afborganir lána	(52.157)	(59.429)	(59.259)	(123.935)	(146.343)	(159.506)
Handbært fé í lok árs	554.259	498.809	71.604	39.965	12.419	35.227
Lykiltölur:						
Framlegðarlutfall	16%	12%	17%	17%	16%	17%
Veltufjárlutfall	2,95	2,68	0,72	0,57	0,47	0,53
Eiginfjárlutfall	0,58	0,57	0,43	0,43	0,44	0,47
Skuldahlutfall	83%	83%	128%	122%	110%	99%
Jafnvægisregla	627.215	(7.441)	57.349	5.264	49.453	69.459
Skuldaviðmið	22%	27%	110%	107%	98%	86%

Handbært fé frá rekstri stendur undir afborgunum lána.

Stenst viðmið 64. gr. sveitarstjórnarlaga um jafnvægi í rekstri öll tímabil, nema í útkomuspá árið 2022

Stenst skuldaviðmið sem er undir 150%

Rekstur, efnahagur, sjóðstreymi, lykiltölur

Fjárhagsáætlun án fjárfestingar í veitustarfsemi í Vaðnesi

Meðfylgjandi tafla sýnir samþykkt áætlun.

Fjárhagur 2021-2026 - A og B hluti samþykkt áætlun						
	Rauntölur	Útkomuspá	Fjárhagsáætlun			
<i>fjárhæðir í þús.kr.</i>	2021	2022	2023	2024	2025	2026
Rekstrartekjur	1.224.466	1.237.877	1.459.644	1.507.443	1.568.630	1.631.657
Rekstrargjöld	(1.113.110)	(1.186.703)	(1.330.953)	(1.403.056)	(1.465.328)	(1.507.553)
Fjármunatekj. og (fjármagnsgj.)	(59.559)	(78.404)	(84.617)	(93.332)	(78.569)	(72.635)
Rekstrarniðurstaða	51.797	(27.230)	44.074	11.055	24.733	51.469
Efnahagur:						
Eignir	2.405.899	2.387.431	2.984.706	2.990.908	2.927.674	2.872.592
Eigið fé	1.390.369	1.363.139	1.407.212	1.418.267	1.442.999	1.494.468
Skuldir og skuldbindingar	1.015.531	1.024.293	1.577.494	1.572.641	1.484.675	1.378.124
Sjóðstreymi:						
Handbært fé í upphafi	497.425	554.259	498.809	88.539	60.943	39.874
Handbært fé frá rekstri	207.066	138.646	200.850	193.327	197.395	218.983
Fjárfestingarhreyfingar	(98.075)	(134.667)	(1.101.860)	(166.421)	(94.391)	(60.891)
Viðbygging íþróttamiðstöð		0	0	0	0	0
Lántaka	0	0	550.000	50.000	0	0
Afborganir lána	(52.157)	(59.429)	(59.259)	(104.503)	(124.073)	(139.070)
Handbært fé í lok árs	554.259	498.809	88.540	60.942	39.874	58.896
Lykiltölur:						
Framlegðarhlutfall	16%	12%	16%	16%	15%	16%
Veltufjárlutfall	2,95	2,68	0,83	0,68	0,59	0,64
Eiginfjárlutfall	0,58	0,57	0,47	0,47	0,49	0,52
Skuldahlutfall	83%	83%	108%	104%	95%	85%
Jafnvægisregla	627.215	(7.441)	68.640	27.898	79.860	87.255
Skuldaviðmið	22%	27%	89%	88%	80%	70%

Handbært fé frá rekstri stendur undir afborgunum lána.

Stenst viðmið 64. gr. sveitarstjórnarlaga um jafnvægi í rekstri öll tímabilin nema í útkomuspá 2022.

Stenst skuldaviðmið sem er undir 150%

Áhrif fjárfestingar

Áhrif á fjárhag

Í meðfylgjandi töflu eru sýnd möguleg áhrif fjárfestingar í veitustarfsemi á helstu þætti í rekstri sveitarfélagsins og lykiltölur.

Fjárhagsáætlun - A og B hluti áhrif fjárfestingar vegna kaupa á veitustarfsemi						
fjárhæðir í þús.kr.	Rauntölur		Fjárhagsáætlun			
	2021	Útkomuspá 2022	2023	2024	2025	2026
Rekstrartekjur	0	0	20.636	38.658	39.663	49.855
Rekstrargjöld	0	0	(15.451)	(32.934)	(33.384)	(35.328)
Fjármunatekj. og (fjármagnsgj.)	0	0	(16.476)	(17.067)	(14.053)	(13.207)
Rekstrarniðurstaða	0	0	(11.291)	(11.343)	(7.774)	1.320
Efnahagur:						
Eignir	0	0	302.374	282.576	260.468	248.623
Eigið fé	0	0	(11.291)	(22.634)	(30.407)	(29.087)
Skuldir og skuldbindingar	0	0	313.665	305.211	290.875	277.711
Sjóðstreymi:						
Handbært fé frá rekstri	0	0	5.064	15.266	15.793	24.222
Afborgarnir lána	0	0	0	(19.432)	(22.270)	(20.436)
Lykiltölur:						
Framlegðarlutfall	0%	0%	1%	1%	1%	1%
Veltufjárlutfall	0,00	0,00	-0,11	-0,11	-0,12	-0,11
Eiginfjárlutfall	0,00	0,00	-0,05	-0,05	-0,05	-0,05
Skuldahlutfall	0%	0%	20%	17%	16%	14%
Jafnvægisregla	0	0	(11.291)	(22.634)	(30.407)	(17.796)
Skuldaviðmið	0%	0%	21%	19%	18%	16%

Rekstrarniðurstaða ársins 2026 er áætluð hærri um 1,3 m.kr.

Skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar hærri um 277,7 m.kr. árið 2026

Afborgun lána verður um 20,4 m.kr hærri árið 2026

Skuldaviðmið verður herra um 16 prósentustig árið 2026

Aðferð við mat á áhrifum á fjárhag

Stuðst er við samþykktu fjárhagsáætlun sveitarfélagsins og hún aðlöguð þar sem gert er ráð fyrir fjárfestingunni og rekstraráhrifum af henni. Ekki er lagt mat á hver óbein áhrif þess að fara ekki í fjárfestinguna myndu hafa á aðrar tekjur sveitarfélagsins.

Áhrif fjárfestingar

Áhrif á helstu lykiltölur A og B hluta sveitarfélags

Í meðfylgjandi töflu eru sýndar helstu lykiltölur með og án fjárfestingar á veitustarfsemi Orkubús Vaðness.

Lykiltölur - A og B hluti fjárhagsáætlun 2023-2026, með fjárfestingu í veitustarfsemi						
	Raun 2021	Útkomu- spá 2022	Áætlun			
			2023	2024	2025	2026
Framlegð	15,7%	11,9%	16,8%	16,6%	16,2%	17,1%
Veltufé frá rekstri / heildartekjum	14,2%	11,1%	13,8%	13,4%	13,1%	14,4%
Veltufjárlutfall	2,95	2,68	0,72	0,57	0,47	0,53
Eiginfjárlutfall	0,58	0,57	0,42	0,43	0,44	0,47
Skuldahlutfall	82,9%	82,7%	127,8%	121,5%	110,4%	98,5%
Rekstrarjöfnuður 3 ára	627	(7)	57	5	49	69
Skuldaviðmið	22,1%	27,2%	110,3%	106,9%	98,2%	85,6%

Lykiltölur - A og B hluti fjárhagsáætlun 2023-2026, án fjárfestingar í veitustarfsemi						
	Raun 2021	Útkomu- spá 2022	Áætlun			
			2023	2024	2025	2026
Framlegð	15,7%	11,9%	16,2%	15,6%	15,2%	15,8%
Veltufé frá rekstri / heildartekjum	14,2%	11,1%	13,6%	12,7%	12,5%	13,3%
Veltufjárlutfall	2,95	2,68	0,83	0,68	0,59	0,64
Eiginfjárlutfall	0,58	0,57	0,47	0,47	0,49	0,52
Skuldahlutfall	82,9%	82,7%	108,1%	104,3%	94,6%	84,5%
Rekstrarjöfnuður 3 ára	627	(7)	69	28	80	87
Skuldaviðmið	22,1%	27,2%	89,2%	88,0%	80,4%	69,7%

Aðferð við mat á áhrifum á fjárhag

Stuðst er við samþykktu fjárhagsáætlun sveitarfélagsins hún aðlöguð þar sem gert er ráð fyrir fjárfestingunni og rekstraráhrifum af henni.

Áhrif fjárfestingar á fjárhag

Áhrif fjárfestingar á fjárhag

Fjárfesting í veitustarfsemi í Vaðnesi að fjárhæð 327 m.kr. hefur nokkur áhrif á helstu lykiltölur sveitarfélagsins.

Eiginfjárlutfall veikist um 5 prósentustig, eignir hækka um 249 m.kr. skuldir aukast um 278 m.kr. og eigið fé lækkar um 29 m.kr. miðað við árslok 2026.

Veltufjárlutfall er undir 1 á áætlunartímabilinu og má gera ráð fyrir að það verði um 0,53 í lok árs 2026, en væri 0,64 án fjárfestingar í veitustarfseminni.

Reiknað skuldaviðmið hækkar og verður 16 prósentustigum hærra í árslok 2026 með fjárfestingu í veitustarfseminni en án hennar. Sveitarfélagið mun þrátt fyrir það standast skuldaviðmið.

Rekstrarjöfnuður er áætlaður neikvæður á tímabilinu 2020-2022, annars stens rekstrarjöfnuður viðmið.

Fjárhagsleg staða

Fjárhagsleg staða Grímsnes- og Grafningshrepps er góð skv. ársreikning 2021 og útkomuspá 2022, veltufjárlutfall var 2,95 í árslok 2021, þriggja ára rekstrarjöfnuður jákvæður árið 2021, skuldaviðmið í útkomuspá 2022 er 27% og framlegð 12%.

Fjárhagur mun veikjast á næstu árum með fjárfestingu í veitustarfsemi og vegna annarra stærri fjárfestinga í samþykktri áætlun sveitarfélagsins og lántökum vegna fyrirhugaðrar fjárfestinga. Helstu lykiltölur fara þó ekki yfir viðmiðunarmörk um fjárhagsleg markmið Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga (EFS).

Fjárhagsleg staða frh.

Til að standa undir framtíðarskuldbindingum hefur EFS m.a. sett viðmið um að framlegð ætti að vera um um 10% af skuldahlutfalli. Áætluð framlegð á tímabilinu fer úr 12% í 17% og skuldahlutfall er áætlað um 128% á árinu 2023 fer síðan lækkandi gæti verið um 99% í lok árs 2026. Miðað við fyrirhugaða áætlun með veitustarfseminni þá ætti sveitarfélagið að standast þessi viðmið.



kpmg.com/socialmedia

Upplýsingar í skjali þessu eru almennar og er ekki ætlað að ná til aðstæðna tiltekins einstaklings eða lögaðila. Þó að við leitumst við að veita nákvæmar og tímanlegar upplýsingar er ekki um að ræða neina tryggingu fyrir því að slíkar upplýsingar séu nákvæmar á þeim degi sem tekið er við þeim eða að þær verði nákvæmar í framtíðinni. Enginn ætti að taka ákvarðanir á grundvelli slíkra upplýsinga nema leita fyrst viðeigandi ráðgjafar sem taka myndi mið af aðstæðum viðkomandi aðila.

©2023 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.